

B.t.: Skipulags- og framkvæmaráðs Norðurþings

Varðar: Byggingareit norðan við fasteignina Hafnarstétt 1

Á 118. fundi Sveitarstjórnar Norðurþings þann 7. desember síðastliðinn var tekin fyrir og samþykkt tillaga Skipulags- og framkvæmdaráðs að breytingum á deiliskipulagi fyrir miðhafnarsvæði Húsavíkur. Í hinu nýsamþykktu skipulagi hefur byggingareitur sem áður var afmarkaður norðan við Hafnarstétt 1 verið fjarlægður. Þetta vekur mikla undrun hlutaðeigandi sem var ekki kunnugt um að ein af mögulegum breytingum á deiliskipulagi væri að fjarlægja áður samþykktu byggingareiti og það án þess að eiga um það nokkurt samráð við lóðarhafa. Vissulega voru fyrirhugaðar breytingar deiliskipulags auglýstar á miðlum lögum samkvæmt en sem áður sagði datt forsvarsfólki fasteigna að Hafnarstétt 1 ekki í hug að breytingar sem þessar væru fyrirhugaðar. Mögulega gætti einhvers misskilnings vegna þeirrar staðreyndar að Hvalasafnið hafði látið malbika reitinn árið 2017 en þær framkvæmdir komu í kjölfarið á niðurrifi viðbygginga og öðrum framkvæmdum þar sem nauðsynlegt var að binda jarðveginn. Stjórn Hvalasafnsins hefur ekki tekið ákvörðun um framtíðarhlutverk reitsins en til stóð að byggja viðbyggingu við safnið fyrir nýja brunaflóttaleið og mögulega lyftu til að auka öryggi og aðgengi fyrir gesti. Meðfylgjandi er teikning frá 2018 sem sýnir mögulega útfærslu á þessum endurbótum.

Hér með er sótt um að áður samþykktur byggingareitur verði settur inn í deiluskipulag miðhafnarsvæðis Húsavíkur og miða skuli við sömu stærð og áður var.

f.h. Hvalasafnsins á Húsavík ses.


Eva Björk Káradóttir
Framkvæmdastjóri